

## 2. gr.

Gjöld fyrir raforku greiðist mánaðarlega um leið og lesið er á mæla. Sé gjald fyrir raforku eða mæli ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga, má rjúfa samband við veitu hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyrr en 3 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis hefur verið birt á heimili hans.

Gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

## 3. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 10 frá 23. janúar 1939, fyrir notkun raforku í Bargarneskaupúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi 15. ágúst 1944 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1944.*

**Björn Þórðarson.**

*Gunnl. E. Briem.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu  
um fjallskil o. fl., nr. 121 24. júlí 1940.**

123

12. ágúst

## 1. gr.

Við 2. málsgr. 13. gr. bætist: og 2 hryssur 4 vetra og eldri sem 3 hross önnur.

## 2. gr.

Síðasti málsliður 2. málsgr. 47. gr. reglugerðarinnar orðist þannig: en fari slíkur kostnaður fram úr niðurjöfnuðu fjallskilagjaldi, skal sá hluti hans, sem umfram er, endurgreiddur fjallskilasjóði að hálfu af eiganda fjárens.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. ágúst 1944.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Gunnl. E. Briem.*

**REGLUGERÐ**

**um starfssvið lögreglustjórans í Keflavík.**

124

21. ágúst

Lögreglustjórinn í Keflavík hefur á hendi hreppstjórastörf í Keflavíkurbreppi og fer um starf hans að þessu leyti samkvæmt lögum og reglugerðum um störf hreppstjóra. Þó eru laun fyrir hreppstjórastörf, samkv. 1. gr. laga nr. 85 frá 1938, innifalín í launum lögreglustjórans, samkv. 3. gr. laga nr. 16 frá 1934.